



Borgarnesi 20. September 2005.

Sauðir allra landa sameinist!

Hin alþjóðlega Sauðamessa verður haldin í Borgarnesi laugardaginn 8. október n.k. í samræmi við búnaðarlög. Þar er ætlunin að leiða saman sauði, tvífatna sem fjórfætta, krullaða og sköllótta, allt eftir eiginleikum hvers og eins. Þar sem búist er við fjölmenni í sauðabæinn mikla þá viljum við undirritaðir óska eftir sjálfboðaliðum til að aðstoðar við framkvæmdir ýmiskonar.

Við erum með öðrum orðum að leita að fólki sem á sér þann draum heitastan að fá að smíða rétt eða sinna viðlíka viðvikum án þess að fá krónu fyrir.

Messan sjálf.....

Annars er áætlað að Sauðamessa 2005 verði með svipuðu sniði og sú síðasta. Byrjað verður á fjárrekstri og síðan rekur hver vitleysan aðra niðri á gamla Mjólkursamlagsplaninu fram eftir degi. Dagskráin og og tímasetningar verða kynntar nánar síðar en öruggt er að sauðshátturinn og fjárvafstrið verður síst minna en áður.....

Ætlunin er að hafa markað þar sem boðið verður til sölu eitt og annað sem tengist sauðkind, landbúnaði og bændum og búliði. Viljum við hvetja alla sem vettlingi eða jafnvel ullarsokk valda að skrá sig fyrir sölubásum ef það er eitthvað af ofangreindu eða jafnvel allt öðru sem er í framleiðslu í heima eða útihúsum.....

Verð á stæðum fyrir sölubása er kr. 3.000.-

Nánari upplýsingar varðandi markaðinn veitir markaðsstjóri í síma 862 – 4041.

Að lokum viljum við vekja athygli á heimasíðu Sauðamessu 2005:

www.sauda.vefurinn.is

Með von um góð viðbrögð
Svörtu sauðirnir

Bjarki, sími: 660-8245

Gísli, sími 899-4098



BORGARBYGGÐ



BORGARFJARÐARSVEIT

